

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Innleiðingaráætlun og kostnaðarmat vegna tillagna í skýrslu starfshóps um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. apríl 2021, var lögð fram skýrsla starfshóps um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi. Ákall hefur verið um að starfsumhverfi stjórnenda SFS væri rýnt og settar fram hugmyndir um úrbætur svo að stjórnendur starfsstöðva séu í ríkara mæli faglegir leiðtogar í starfi og að starfsumhverfi stjórnendahópanna sé samræmt eins og hæfir á einu sviði.

Umsagnir

Leitað var eftir umsögnum hagsmunaaðila um skýrslu starfshópsins og alls bárust 7 umsagnir frá eftirfarandi aðilum; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Félagi leikskólakennara, Sambandi íslenska sveitarfélaga, framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva, Kennarafélagi Reykjavíkur, Félagi skólastjórnenda í Reykjavík og Skólastjórafélagi Íslands.

Umsagnaraðilar lýsa yfir almennri ánægju með skýrsluna og þær tillögur um umbætur sem þar eru settar fram. Jafnframt er tekið fram að tillögur rími vel við Farsældarlögin, markmið séu metnaðarfull sem skili sér í betra náms- og starfsumhverfi fyrir börn í skóla- og frístundastarfi og áhugavert sé að færa skóla- og frístundapjónustu í nærumhverfið.

Í umsögnum kemur fram gagnrýni á framsetningu skýrslunnar, betra væri að fjalla um faglega stöðu stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi í þremur skýrslum í stað einnar. Þá er gerð athugasemd við að tillögur faghóps skólastjóra um starfsumhverfi grunnskólastjóra í Reykjavík hafi ekki skilað sér inn í skýrsluna. Lagt er til að tillögur hvers starfshóps verði auk skýrslunnar lagðar fram til umræðu í skóla- og frístundaráði.

Fram kemur að stjórnendur þurfi meira svigrúm til að sinna faglegu leiðtogahlutverki sínu. Efla þurfi starfsþróun stjórnenda, fjármögnun verði tryggð m.a. aukning á stjórnunarkvóta, skýra þurfi starfslýsingar stjórnenda, styrkja úrræði, umsjón og eftirlit með framkvæmdum tryggt og rammi verði settur utan um yfirvinnu fastlaunasamninga.

Bent er á að hlutverk fyrirhugaðs rekstarstjóra í grunnskóla mætti einnig skoða fyrir leikskóla. Þá er bent á að bæta þurfi húsnaðismál leikskóla og sjá þurfi öllum leikskólakennurum fyrir fartölvu.

Einnig er bent á mikilvægi þess að draga lærdóm af fyrri skipulagsbreytingum og hve samtal við starfsfólk og samráð við notendur þjónustunnar er mikilvægur hluti breytingastjórnunar.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að tryggð verði samkeppnishæf laun til að minnka starfsmannaveltu í frístundastarfi og auka þurfi fjármagn til að standa straum af kostnaði við að þróa heilsársþjónustu frístundastarfs.

Tillögur

Í skýrslunni eru 18 tillögur og eru þær flokkaðar í þrjú meginþemu:

Fagumhverfi og faglegt starf

1. Skýra verkaskiptingu, umboð og ábyrgð á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra samhliða auknu starfshlutfalli aðstoðarleikskólastjóra.
2. Starfsþróun með áherslu á faglega leiðtoga, farsæla stjórnendur og heilsusamlegt vinnuumhverfi.
3. Stöðugildi rekstrarstjóra í öllum grunnskólum.
4. Skilgreint fjárframlag til stjórnunar sérkennslu/ stoðþjónustu í grunnskólum.
5. Aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra til að leiða störf ófaglærðra sem starfa við uppeldi og menntun barna.
6. Fjölga deildarstjórum með leikskólakennaramenntun.
7. Fleiri fagmenntaðir starfsmenn í heilsársstörfum á vettvangi frístundastarfsins.

Húsnæðismál og vinnuaðstæður

1. Bæta húsnæði, aðbúnað og starfsaðstæður í skóla- og frístundastarfi.
2. Betri nýting á húsnæði SFS fyrir fjölbreytta þjónustu við borgarbúa.
3. Skýrari ferlar og yfirfærsla verkefna.

Miðlæg þjónusta og stuðningur

1. Námskeið fyrir nýliða og stjórnendur. Móta og skýra verkferla vegna mannauðsmála o.fl.
2. Stofna gæðateymi vegna innleiðingar Hlöðunnar.
3. Innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í alla borgarhluta
4. Skapa vettvang sem tryggir að þekking og lærdómur flæði á milli starfseininga.
5. Skilgreina launaferil sem lýsir ábyrgð, umfangi og hlutverki ólíkra aðila sem tengjast launavinnslu starfsmanna. Tryggja að hugbúnaður og tæknilegt umhverfi styðji við skilvirkni í ferlinu og sé notendavænt.
6. Gæðamál og ferlar í mannauðsþjónustu.
7. Afleysingastofa.
8. Aukin samhæfing þjónustu SFS og VEL vegna hegðunarvanda barna og unglinga

Af 18 tillögum eru tvær þess eðlis að af þeim er hlýst viðbótarkostnaður. Átta tillögur rúmast innan fjárheimilda og 8 tillögur eru án kostnaðar. Í meðfylgjandi skjali má sjá tillögurnar 18 kostnaðarmetnar og tímasettar. Sjá nánari lýsingar á hverri tillögu á skýrslu starfshóps *Fagleg staða stjórnenda í skóla- og frístundastarfi, mars 2021*, sjá slóð: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/207_1.1_2021-03-25-fagleg_stada_stjornenda_i_skola_og_fristundastarfi_adalskyrsla-loka.pdf

Nr.	Tillaga	Ábyrgðarmaður	Vinnuhópur/samstarf	Hvenær	Hvernig	Annað
1.2.1-b	Fagumhverfi og faglegt starf: Skýra verkaskiptingu, umboð og ábyrgð á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra samhliða auknu starfshlutfalli aðst.leiksk.stj.	Mannauðsstjóri SFS	Mannauðsþjónusta, fagskrifstofa leikskóla, (mannauðs- og starfsþróunarsvið?)	Hefst haustið 2021, lýkur 2024.	Forgangsraðað út frá mati sem unnið er af mannauðsþjónustu SFS og fagskrifstofu leikskóla.	Samvinnuverkefni.
2.2	Húsnæðismál og vinnuaðstæður: Bæta húsnæði, aðbúnað og starfsaðstæður í skóla- og frístundastarfi	Sviðsstjóri SFS	Skrifstofa sviðsstjóra SFS, fjármálaþjónusta SFS, fagskrifstofur leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds USK, skrifstofa Eignasjóðs eignaskrifstofa.	Hefst haust 2021	Gerð 5 ára áætlunar sem byggð er á úttektum um húsnæðismál og vinnuaðstæður. Skilgreint matsferli fyrir forgangsráðun verkefna til að tryggja gagnsæi í ákvarðanatöku. Innleiðingarhópur/stýrihópur settur skipaður fulltrúum hagsmunaaðila til að móta umgjörð verkefnisins, matsferli v/forgangsráðunar verkefna og samhæfingu við fjárframlög og aðrar breytingar s.s. viðhald og nýbyggingar. Verkefnisstjóri settur sem ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins, hefur innleiðingarhóp/stýrihóp til stuðnings og úrlausnar ágreinings/flókinna ákvarðana.	Samvinnuverkefni.
2.3	Húsnæðismál og vinnuaðstæður: Betri nýting á húsnæði SFS fyrir fjölbreytta þjónustu við borgarbúa	Sviðsstjóri SFS	Skrifstofa sviðsstjóra SFS, eignaskrifstofa, fagskrifstofur leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs, fjármálaþjónusta SFS, lögfræðiþjónusta SFS.	Hefst vor 2022	Starfshópur skipður hagsmunaaðilum til að tryggja rétta umgjörð um fyrirkomulag og innleiðingu. Ítarleg hagsmunaaðila- og áhættugreining.	Kerfisbreyting/ samvinnuverkefni
3.1	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Námskeið fyrir nýliða og stjórnendur. Móta og skýra verkferla vegna mannauðsmála o.fl.	Mannauðsstjóri SFS	Mannauðsþjónusta kalli aðila til samstarfs eftir eðli verkefnis og þörfum og fjárveitingum.	Hefst haust 2021	Mannauðsþjónusta greini verkefni út frá skýrslu og fylgigögnum og forgangsraði, þrói og móti úrlausnarefni í samræmi við mikilvægi, þarfir og fjárheimildir. Settur verði tengiliður vegna úrlausnarmála sem heldur utan um greiningu og skipulag framkvæmda. Framvinda metin tvisvar á ári í desember og júní, árangur, framhald og endurskoðun verkefna ákveðin.	Samvinnuverkefni/ sífelluverkefni.

Nr.	Tillaga	Ábyrgðarmaður	Vinnuhópur/samstarf	Hvenær	Hvernig	Annað
3.2	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Stofna gæðateymi vegna innleiðingar Hlöðunnar.	Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra.	Skrifstofa sviðsstjóra kalli aðila til samstarfs eftir þörfum og fjárveitingum.	Hefst haust 2021. Innleiðingarferli verði unnið í þrepum á þriggja ára tímabili.	Skrifstofustjóri setji gæðateymi á laggirnar skipað ábyrgðaraðilum sem gegnga hlutverki gæðastjóra, skjalastóra og umsjónarmanns innri vefs. Greining á umfangi og forgangsroðun verkefna í samræmi við þarfir og fjárveitingar. Reglubundið mat á framvindu og endurskoðun á viðeigandi verkþáttum og tímalínu.	Samvinnuverkefni.
3.3	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í alla borgarhluta	Sviðsstjóri SFS	Skóla- og frístundasvið, Velferðarsvið	Hafið	Horfa þarf til fyrirmyndarinnar í verkefninu <i>Betri borg fyrir börn</i> í Breiðholti og útfæra fyrir hvern borgarhluta samræmda og samtvinnaða þjónustu sem er nær notendum og tryggir nauðsynlega umgjörð.	Innleiðingarhópur settur og innleiðingarferill skilgreindur ásamt tímalínu innleiðingar í hverju hverfi fyrir sig. Hagsmunaaðilagreining og áhættugreining gerð út frá árangri í BBB í Breiðholti.
3.4	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Skapa vettvang sem tryggir að þekking og lærdómur flæði á milli starfseininga.	Deildarstjóri NýMið	Deildarstjóri NýMið kalli aðila til samstarfs eftir þörfum og fjárveitingum.	Hefst haust 2022	NýMið skipuleggi verkefni, veiti brautargengi og skipuleggi framkvæmd í samræmi við það sem þörfin er mest á hverjum tíma.	Samvinnuverkefni og sífelluverkefni.
3.5	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Skilgreina launaferil sem lýsir ábyrgð, umfangi og hlutverki ólíkra aðila sem tengjast launavinnslu starfsmanna. Tryggja að hugbúnaður og tæknilegt umhverfi styðji við skilvirkni í ferlinu og sé notendavænt.	Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringar	Skrifstofa sviðsstjóra SFS, mannauðs- og starfsþróunarsvið, mannauðsþjónusta SFS, lögfræðiþjónusta SFS, kjaradeild, þjónustuskrifstofa/UT.	Hefst haust 2021	Starfshópur/innleiðingarhópur settur á laggirnar. Greining á ferli, flöskuhálsum, tæknilegum lausnum, rafrænum lausnum, ábyrgðaraðilum. Straumlínulaga feril með áherslu á vinnusparnað, koma í veg fyrir sóun og tvíverknað. Setja gæðaviðmið s.s. tímamörk við skráningu gagna, rekjanleika, sjálfvirkni og flæði á milli starfsstöðva og launaskrifstofu. Ábyrgð og boðleiðir skilgreind.	Samvinnuverkefni. Markmið: Rétt laun á réttum tíma/vinnusparnaður/tímasparnaður/draga úr flækjustigi.

Nr.	Tillaga	Ábyrgðarmaður	Vinnuhópur/samstarf	Hvenær	Hvernig	Annað
1.1	Fagumhverfi og faglegt starf: Starfsþróun með áherslu á faglega leiðtoga, farsæla stjórnendur og heilsusamlegt vinnuumhverfi	Mannauðsstjóri SFS	SFS: Mannauðsþjónusta, NýMið, fagskrifstofur leik, grunn og frí. HÍ: Menntavísindasvið.	Hafið	Verkefni farið af stað. Skýra hlutverk miðlægrar þjónustu SFS vs. hlutverks menntavísindasviðs.	Útbúa ramma utan um leiðtogaþróun stjórnenda. Skipulögð starfsþróun, stuðningsnet, s.s. mentor, markþjálfun, sérsniðin hópnámskeið innan SFS s.s. velliðan á vinnustað, færni í nýtingu stjórn/stoðtækja, aðgengi að stjórnendagögnum/gæðaskjölum o.fl.
1.2.2	Fagumhverfi og faglegt starf: Fjölga deildarstjórum með leikskólakennaramenntun. Lagt er til að deildarstjórum sem ekki eru leikskólakennarar gefist kostur á að sækja um launað námsleyfi í allt að 45 daga á skólaári, miðað við fullt starf og fullt nám, til að sækja nám í leikskólafræðum.	Mannauðsstjóri SFS	Mannauðsþjónusta, fagskrifstofa leikskóla, mannauðs- og starfsþróunarsvið, kjaradeild	Hefst haust 2022	Miðað við að veita 10 deildarstjórum 45 daga launað námsleyfi á ári yrði kostnaðurinn 15. mkr. Deildarstjórar fá forgang að svigrúmi til náms innan fjárheimilda sviðsins til verkefnisins.	Samtal við Menntavísindasvið HÍ um skipulag. Samtvinning skóla, vinnu og starfsnáms til að fyrirbyggja brottfall úr námi. Gera aðlaðandi kynningu. Skoða raunfærnimat í HÍ - menntavísindasvið (tilraunaverkefni). Samvinna við KÍ/FL/Eflingu/Sameyki (tilraunaverkefni). Kynna fyrir leikskólastjórum og ófaglærum deildarstjórum. Hvatning og stuðningur leikskólastjórnenda og fagskrifstofu til að koma í veg fyrir brottfall úr námi.
1.2.3	Fagumhverfi og faglegt starf: Stöðugildi rekstrarstjóra í öllum grunnskólum	Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla	SFS: Fagskrifstofa grunnskóla, mannauðsþjónusta, lögfræðiþjónusta, kjaradeild.	Hefst haust 2021	Undirbúningur hefst haust 2021. Innleiðingarhópur skipaður fulltrúum grunnskólastjórnenda, fagskrifstofu, lögfræðiþjónustu og fjármálaþjónustu. húsnæðis/teymisstjóra. Samhengi við nýtt fjárhútlutunarlíkan og yfirfærslu verkefna til USK vegna húsnæðismála.	Greina starfið og hlutverk. Vinna með starfsmati. Skoða störf skrifstofustjóra, fjármálastjóra, rekstrarstjóra, ritara og umsjónarmanna húsnæðis. Hvernig er skipulagið innan mismunandi skóla og hvernig verður verkaskipting á milli rekstrarstjóra/skólastjóra og taktískra verkefna ritara, skólaliða og umsjónarmanns húsnæðis.
1.2.4	Fagumhverfi og faglegt starf: Skilgreint fjárframlag til stjórnunar sérkennslu/stoðþjónustu í grunnskólum	Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla	SFS: Fagskrifstofa grunnskóla, mannauðsþjónusta, fjármálaþjónusta, lögfræðiþjónusta. Mannauðs- og starfsþróunarsvið: kjaradeild.	Hefst haust 2021	Undirbúningur hefst haust 2021. Fagskrifstofa grunnskóla, fjármálaþjónusta, mannauðssvið greini hvernig stjórnun sérkennslu/stoðþjónustu er háttað innan mismunandi grunnskóla, umfang og tíma sem varið er í stjórnun/skipulag þeirra mála. Starfslýsing gerð. Innleiðingarferill ákveðinn og tekið tillit til núverandi stöðugilda innan grunnskóla og þeirra starfsmanna sem sinna þeim störfum ásamt lögfræðilegum álitamálum.	Hlutverk og ábyrgð skilgreind og unnið í samhengi við nýtt úthlutunarlíkan grunnskóla.

Nr.	Tillaga	Ábyrgðarmaður	Vinnuhópur/samstarf	Hvenær	Hvernig	Annað
2.1	Húsnæðismál og vinnuaðstæður: Skýrari ferlar og yfirfærsla verkefna.	Sviðsstjóri SFS	Skrifstofa sviðsstjóra SFS, lögfræðipjónusta SFS, skrifstofa sviðsstjóra USK, skrifstofa framkvæmda- og viðhalds USK, eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar.	Hefst haust 2021	Undirbúningur hefst haust 2021. Tilraunaverkefni skilgreint með markmiðum og mælikvörðum, ítarleg áhættugreining og hagsmunaaðilagreining. Greining á verkefnum, ábyrgð, verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu. Leigusamningur, skyldur og ábyrgð aðila. Aukaverkefni skilgreind. Húsnæðisferill skilgreindur. Innleiðingarferli skilgreint.	Kerfisbreyting, Samvinnuverkefni. Fullnægjandi mannaflí tryggður. Samráð við stjórnendur starfseininga.
3.6.a	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Gæðamál og ferlar í mannauðspjónustu	Sviðsstjóri mannauðs og starfsþróunarsviðs.	Mannauðs- og starfsþróunarsvið kalli aðila til samstarfs eftir eðli verkefnis og þörfum og fjárveitingum.	Hefst haust 2021	Úrlausnarefni verði þróuð, mótuð og unnin í samræmi við þarfir hverju sinni. Metið tvisvar á ári, í desember og júní, með mannauðspjónustu SFS til að fara yfir þarfir, úrlausnarefni og framvindu. Framhald skilgreint og tímasett hverju sinni.	Áframhaldandi vinna við að tryggja að nauðsynlegustu stefnur, ferlar, gátlistar og eyðublöð séu aðgengileg og hægt að nálgast rafrænt á skilvirkan máta. Úrlausnarefni verði þróuð, mótuð og unnin í samræmi við þarfir hverju sinni.
3.6.b	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Afleysingastofa.	Sviðsstjóri mannauðs og starfsþróunarsviðs.	Mannauðs- og starfsþróunarsvið, mannauðspjónusta SFS.	Hafið	Úrlausnarefni verði þróuð, mótuð og unnin í samræmi við þarfir hverju sinni. Metið tvisvar á ári, í desember og júní, með mannauðspjónustu SFS til að fara yfir þarfir, úrlausnarefni og framvindu. Framhald skilgreint og tímasett hverju sinni.	Afleysingaþjónusta verði eflid til að þjóna öllum starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs eftir þörfum.
3.7	Miðlæg þjónusta og stuðningur: Aukin samhæfing þjónustu SFS og VEL vegna hegðunarvanda barna og unglinga	Sviðsstjóri SFS	Skrifstofa sviðsstjóra SFS, fagskrifstofur leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs. Skrifstofa sviðsstjóra VEL, þjónustumiðstöðvar.	Hafið	Starfshópur settur á laggirnar um snemmbæran stuðning vegna hegðunarvanda barna og unglinga. Greining á úrlausnarefnum og innleiðingarátætlun gerð. Úrlausnarefni verði í framhaldi þróuð, mótuð og unnin í samræmi við þarfir og fjárveitingu hverju sinni. Metið tvisvar á ári, í desember og júní, undir yfirumsjón sviðsstjóra SFS og VEL. Framhald skilgreint og tímasett hverju sinni.	Markmiðið er að gera þjónustu hegðunarráðgjafa, sálfræðinga, kennsluráðgjafa og annara fagaðila samhæfðari og markvissari.

Nr.	Tillaga	Ábyrgðarmaður	Vinnuhópur/samstarf	Hvenær	Hvernig	Skref	Kostnaður
1.2.1	Fagumhverfi og faglegt starf: Aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra til að leiða störf ófaglærðra sem starfa við uppeldi og menntun barna þannig að stjórnunarhlutfall verði sem hér segir: 1. Aðstoðarleikskólastjóri 2-3, 50% 2. Aðstoðarleikskólastjóri 4-5, 75% 3. Aðstoðarleikskólastjóri 6-8, 100% 4. Aðstoðarleikskólastjóri >9, 150%	Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla	Á ekki við	Hefst 1. janúar 2022	Þetta verði gert í þrepum til þriggja ára.	Tillaga 1 að innleiðingu. Innleiðing til þriggja ára sem skiptist svo: 1. janúar 2022 allir fari að lágmarki í 50%. 1. janúar 2023 leikskólar 4 og stærri fari að lágmarki í 75% stjórnunarhlutfall. 1. janúar 2024 komi tillagan að fullu til framkvæmda. Tillaga 2 að innleiðingu. Innleiðing til þriggja ára sem skiptist svo: 1. janúar 2023 þeir leikskólar sem eru með 30% faghlutfall í starfsmannahópnum eða minna fá aukningu á stjórnun aðstoðarleikskólastjóra skv. tillögu hópsins. 1. janúar 2023 yrði næsta skref tekið út frá faghlutfalli eins og það stendur þá og hugsanlega yrði þá tekið skref fyrir alla undir 50% faghlutfalli og svo 1.janúar 2024 þeir sem þá standa enn eftir.	Heildarkostnaður á ári að þriggja ára innleiðingartíma liðnum: 243 m.kr. (kr. 20.260 þúsund á mánuði). Tillaga 1 að innleiðingu. Prepaskipting kostnaðar: 1. skref 1. janúar 2022 = 88.255.980 kr. kostnaður við 2. skref 1. janúar 2023 =114.551.674 kr. Kostnaður við 3. þrep 1. janúar 2024 =40.305.942 kr. Tillaga 2 að innleiðingu. 1.janúar 2022 kostnaður vegna 19 leikskóla sem eru með 30% faghlutfall eða minna = 70.444.125 kr á ári.
1.2.5	Fagumhverfi og faglegt starf: Fleiri fagmenntaðir starfsmenn í heilsársstörfum á vettvangi frístundastarfsins.	Skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundamála	Fagskrifstofa frístundamála og mannauðsþjónusta.	Hefst 1. júní 2022	Ráða fagmenntaða starfsmenn til starfa einn á hvert fristundaheimili og félagsmiðstöð. Eingöngu verði ráðnir þeir sem hafa brautskráðs með a.m.k. B.A. gráðu í Tólstunda og félagsmálafræðum.	Innleiðing til þriggja ára: Fristundaheimilin eru 37 og innan fjárhagsramma eru nú þegar starfandi 17 frístundafræðingar. 1. júní 2022 verði ráðnir 20 frístundafræðingar við þau fristundaheimili sem ekki hafa slíka starfandi fyrir. 1. júní 2023 verði ráðnir 25 frístundafræðingar við félagsmiðstöðvar.	Kostnaður við innleiðingu verkefnisins árið 2022 kr. 48,5 milljónir, kostnaður við verkefnið árið 2023 kr. 96,8 milljónir og kostnaður við verkefnið árið 2024 kr. 44,4 milljónir